

Atlantsolía ehf
Lónsbraut 2
220 Hafnarfjörður

Akureyri, 12. ágúst 2021
UST202102-434/G.S.Á.
08.06.02

Varðar þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi nr G001 (AO 0211 G001) í olíubirgðastöð Atlantsolíu ehf., Hafnarfirði

Umhverfisstofnun bárust þann 12. maí sl. þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi í olíubirgðastöð Atlantsolíu ehf, Hafnarfirði. Geymirinn er nr. G001 (AO 0211 G001) í birgðastöðinni í Hafnarfirði. Geymirinn er 3.800 rúmmetrar að stærð, frá árinu 2002 og er staðsettur í mengunarvarnarpó Atlantsolíu við Óseyrarbraut.

Þykktarmælingar framkvæmdu Gísli Arnar Guðmundsson og Andre Sandö hjá NDT ehf. þann 19. apríl 2021. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner, serial no MK4-0016-A-TFS.

Fram kemur í skýrslu NDT ehf. að geymirinn sé í mjög góðu ásigkomulagi að innanverðu og lítur vel út að utanverðu. Gólf er málað ásamt neðsta umfari og er án tæringar. Tvöfaldað var á einum stað í plötu 15.

Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. um prófanir á geyminum.

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri